

**Náms- og kennsluáætlun – Vorönn 2021****UMHV1NU05**

Kennari	Ester (ester@fss.is) og Harpa (hke@fss.is).
Viðtalstími	Ester: Miðvikudagar kl. 9:30-10:10. Harpa: Mánudagar kl. 10:15-10:55.
Kennsluefni	Efni frá kennara. Innlagirnir kennara. Verkefni bæði stór og smá. Verklegar-, skriflegar- og munnlegar æfingar.
Áfangalýsing	Áfanginn byggist að verulegu leyti á verkefnavinnu í kennslustundum þar sem nemendur vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara. Námið fer fram bæði innan og utan skólans og sækja nemendur sér fróðleik og gögn á fjölbreytta vega. Virk þátttaka nemenda í eigin námi liggur til grundvallar og því er mikið lagt upp úr að auka áhuga þeirra á umhverfi sínu og náminu almennt. Einkunnarorð áfangans eru samvinna og ábyrgð.

Vinnuáætlun fyrir UMHV1NU05		
Tímasókn	17 vikur x 4 klst.	68 klst.
Undirbúningur f. tíma	17 vikur x 4 tímar x 15 mín	17 klst.
Vinna við lokaskil stærri verkefna	5 x 4 klst.	20 klst.
Undirbúningur fyrir könnunarpróf	2 x 4 klst.	8 klst.
Alls		113 klst. = 5 feín*

Námsmat og vægi námsmatspátta	Þekking, leikni og hæfni verða metin með fjölbreyttum hætti. Má þar nefna leiðsagnarmat þar sem lögð er áhersla á leiðbeinandi endurgjöf, markvissar spurningar, sjálfs- og jafningjamat. Einnig er þátttaka og virkni nemanda metin í umræðum og hópstarfi.
--------------------------------------	--

Heiti	Vægi
Könnunarpróf	50%
Verkefni	50%

Þekking Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtökum eins og sjálfbærni, auðlindir, landnýting, vistfræði • áhrifum mannsins á náttúruna og eigin ábyrgð • samspil manns og umhverfis • viðfangsefnum sem eru áberandi í þjóðfélagsumræðu á hverjum tíma í tengslum við markmið áfangans	Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • meta upplýsingar og vinna með þær á gagnrýnan hátt þannig að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms í umhverfisfræði • geta gert sér grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum, geti skipst á skoðunum við aðra og útskýrt hugmyndir sínar fyrir samnemendum • draga skynsamlegar ályktanir um ábyrgð sína í tengslum við umhverfis- og náttúruvernd og hve mikilvægt framlag hvers einstaklings er • greina stöðu sína í umhverfinu sem hann lifir í, bæði samfélaginu og náttúrulegu umhverfi • skilja mikilvægi þess að jafnrétti ríki í verkefnavinnu og umræðum
Leikni Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • afla sér upplýsinga um umhverfi sitt • kynna málefni úr fréttum eða fjölmiðlum sem tengjast umhverfismálum	

Reglur áfanga	Nemandi þarf að ná 4,5 í einkunn til þess að standast áfangann. Ekkert lokapróf er í áfanganum. Mæting og þátttaka í tímum skipta miklu máli til þess að ná góðum árangri. Símar eru aðeins leyfðir sem vinnutæki, vinsamlegast virðið það! Eftir stoðtíma 2 er ekki hægt að skila verkefnum sem unnin eru á fyrri hluta annar (fyrir könnunarpróf 1).
Annað sem kennari vill láta koma fram	Utanumhald áfangans verður á INNU. Þar er að finna lesefni, verkefni og skilamöppur. Virðið skilafrest.

Kennsluvikur

Áætluð yfirferð námsefnis

1. vika 6. - 8. janúar	Kynning á áfanga Hópefli	Myndaverkefni (upphaf og endir)
2. -4. vika 11. - 29. janúar.	Gróðurhúsaáhrif og hlýnun jarðar Þáttur 1: Lofthjúpur, gróðurhúsalofttegundir Þáttur 3: Jöklar/golfstraumur, hækkun sjávar Þáttur 6: Jarðefnaeldsneyti, olía Þáttur 8: CO2 – kolefnisjöfnun Heimildamynd-Chasing Ice <i>Stoðtími 1</i>	Lofthjúpurinn Verkefni um gróðurhúsaáhrif Viðtalsverkefni
5. vika 1. - 5. febrúar	Hamfarir	Hamfaraverkefni-padlet
6.-7. vika 8. – 19. febrúar	Himinn og haf <i>Stoðtími 2</i>	Olíumengun Efnamengun Könnunarpróf 1
8.-9. vika 22. febrúar- 5. mars	Líffræðilegur fjölbreytileiki Þáttur 5: Landnýting, regnskógar, lífbreytileiki Útrýming tegunda	Kynning um tegundir í útrýmingarhættu
10. vika 8. – 12. mars	Himinn og haf	Geisla­mengun Mengun á norðurslóðum
11.-12. vika 15. - 26. mars Páskafri	Þáttur 7: Súrnun sjávar	Verkleg æfing-súrnun sjávar Plast í hafinu
13.-14. vika 6. -16. apríl	WALL-E Þáttur 2: Endurvinnsla, nýting Þáttur 4: Matarsóun <i>Stoðtími 3</i>	Umhverfismerki Verkefni um matarsóun Útiverkefni Könnunarpróf 2
15.-17. vika 19. apríl-6. maí Sumard. fyrsti	Umhverfisslys	Verkefni um umhverfisslys Myndaverkefni (upphaf og endir) Upptökupróf

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ester og Harpa